

Frumvarp til laga

um starfsréttindi tannsmíða.

(Eftir 2. umr., 4. maí.)

1. gr.

Tannsmíðir með meistararéttindi geta á eigin ábyrgð smíðað tanngóma og þá m.a. unnið að töku móta og mátun, enda séu ekki sjúklegar breytingar eða meðfæddir gallar í munni eða kjálka viðskiptavinar samkvæmt læknisvottorði, svo og gert við tanngóma og tannparta. Að smíði tannparta á eigin ábyrgð skulu þeir starfa í samvinnu við tannlækni.

Ákvæði 1. mgr. haggja ekki rétti tannsmíða til annarra starfa í löggiltri iðngrein sinni. Þau haggja heldur ekki rétti tannlækna eða þeirra sem starfa undir handleiðslu og á ábyrgð tannlækna til að vinna við töku móta og mátun né áunnum réttindum þeirra samkvæmt ákvæðum eldri laga.

2. gr.

Brot, sem framin eru af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gegn ákvæðum laga þessara, varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Iðnaðarráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Þar skal hann kveða á um það með hvaða skilyrðum tannsmíðir skuli sækja námskeið til að geta öðlast starfsréttindi samkvæmt lögum þessum. Ráðherra skal, að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, setja reglur um að hluti af starfi tannsmíða skv. 1. mgr. 1. gr. skuli unninn í samstarfi við tannlækni og reglur um skilyrði starfsleyfis, og skal landlæknir hafa eftirlit með þessum þáttum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

5. gr.

Við gildistöku laga þessara bætist nýr málslíður, 3. másl., við 1. mgr. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, svohljóðandi: Hann hefur jafnframt eftirlit með þeim hluta af starfi sjálfstætt starfandi tannsmíða, sem öðlast hafa meistararéttindi, sem unninn skal í samstarfi við tannlækni.